

Samþykkt þessi, sem er orðin til á þann hátt, sem mælt er fyrir um í 1. gr. í lögum 13. september 1901 um heilbrigðissamþykktir, er staðfest af amtsráði Norðuramtsins. 79
7. júní

Amtsráð Norðuramtsins, Akureyri 7. júní 1904.

Páll Briem.

Heilbrigðissamþykkt

fyrir Litlaárskógssands sjóþorp í Eyjafjardarsýslu.

80
7. júní

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin hefir gildi í þeim hluta Arnarneshrepps, er liggur innan þeirra takmarka, sem hjer greinir: Frá Árbakka að sunnan og vestan og allt til sjávar norðan við Þorvaldsdalsá norður að Hinriksmýri.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kys til þriggja ára, og annar er sýslunefnd tilnefnir af íbúum sjóþorpsins til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn, eða hjeraðslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári, í marzmánuði, í júnimánuði og októbermánuði; hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriptir, og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til úrskurðar sýslumanns.

Hjeraðslæknir og sýslumaður eiga heimtingu á að sitja fundi nefndarinnar, og taka þátt í umræðunum, en ekki hafa þeir atkvæðisrjett; formaður skal boða þeim fundina í tæka tíð. Ritfangakostnað skal greiða úr hreppssjóði eptir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum. Nefndinni skal heimilt að rannsaka allt það, er ræðir um í þessari samþykkt eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaþæri eða einstakra manna eigu.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar íbúdir á því svæði, er samþykktin nær yfir og er henni heimilt að skipta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmaður, annar en formaður krefst inngöngu í hús manna,

80 til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt um-
7. júní boð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók allt það, er hún finnur aðfund-
ingarvert samkvæmt þessari samþykkt og skal hún skriflega skipa þeim, er í
hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkynna sýslu-
manni, ef um brot er að ræða gegn samþykktinni.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrífnaðarumbót, eða heil-
brigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún
leggja mál það fyrir hreppsnefnd, og fara fram á að fje sje veitt. Nú hafnar hrepps-
nefnd slíkri fjárveitingu, og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til
sýslunefndar.

II. Um frá ræslu.

6. gr.

Eldhússkolpi og þvottaskolpi má ekki hella niður svo nærri íbúðarhús-
um að hætta sje á að jarðvegurinn undir húsunum saurgist, skal veita öllu
skolpi burt frá húsunum í opnum eða lokudum ræsum svo langt sem heilbrigðis-
nefndinni þykir þurfa, eða hella því í forir eða safngryfjur, sem sjeu lokaðar
og vatnsheldar.

Öll skolpræsi, hvort heldur er á almannaferi eða einstakra manna eign,
skulu vera svo við og hallajöfnu að hvergi flói útúr þeim, og hvergi komi poll-
ar eða vilpur; skal hreinsa þau svo opt, að ekki leggi ódaun úr þeim.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsyn á því að vatnsheldur botn sje gjörður í
nokkurt ræsi, þá er henni heimilt að heimta slíka aðgjörð.

7. gr.

Ef ræsi er gjört frammeð alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir
sem hús eiga meðfram veginum, skyldir til að gjöra skolpræsi hver frá sínu
húsi úti göturæsið. Skyldir skulu og eigendur fiskhúsa að gjöra skolpræsi með-
fram salthúsum sínum og frá þeim, ef heilbrigðisnefndin álitur þess þurfa; þó
hver einstakur ekki lengra ræsi en 4 fadma, og gilda sömu ákvæði um þau sem
önnur ræsi.

III. Um vatnsból.

8. gr.

Öll opinber vatnsból skal verja hverskonar óhreindum; er bannað að
láta í þau fara eða að þeim koma renslu úr skolpræsum, forum, haugstæðum,
salernum eða peningshúsum, og má ekki láta í þau eða nærri þeim neinskonar
saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað,
fisk, ull, eða neitt það annað, er óhreinkar vatnið, eins fyrir því þótt um
straumvatn sje að ræða; bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða
nærri þeim.

9. gr.

80

7. júní

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum, en svo að milli-bilið sje 15 álnir. Nú vill einhver gjöra nýjan brunn eða breyta gömlum brunni, og skal hann tilkynna það heilbrigðisnefndinni, en hún skal leggja dóm á vatnið, þá er greptri eða borun er lokið, hvort það er nýtilegt, og hafa gát á því, að brunnurinn sje gjörður á þann hátt er hjer segir: Ef brunnur er bor-aður og járnleggir settir niður, skal gæta þess að samskeytin milli leggjanna sjeu vatnsþjett. Ef brunnur er grafinn, þá skal hlaða hann upp að innan úr höggnu grjóti eða hörðum múrsteini, og líma steinu við stein með steinlími, og skal hleðslan þannig gjörð svo langt að neðan, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, en aldrei skemur en nemi 2 álnum. Í stað slíkrar hleðslu má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa steinsteypu. Niðurmeð hleðslunni aðutan skal láta einhverskonar lím-kenndan leir, og skal það lag vera 1 alin á þykkt. Hleðslan skal ná $\frac{1}{4}$ alin eða meira uppúr jörðinni, og útfrá brunnbarminum skal leggja eða steypa stein-kraga, og skal hann vera $1\frac{1}{2}$ alin á breidd að minnsta kosti og halla útfrá brunnopinu. Yfir brunnopinu skal vera vatnsheldur hlemmur, og skal taka vatn úr brunnum með dælu, er gangi gegn um miðjan hlemminn, en upp með dæl-unni skal ganga strompur með hatti yfir, svoað lopt komist að vatninu.

Sje trygging fyrir því, að engin óhreinindi sjeu í nánd, má heilbrigðis- nefnd leyfa, að brunnar sje gjörðir úr grjóti án steinlíms, og vatnið dregið upp upp í fötu. Utanum opna brunna skulu jafnan vera grindur, er sjeu í minnsta lagi $1\frac{1}{2}$ alin á hæð.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilmæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós, að vatnið sje skaðvænt, og ekki er unnt að gjöra við brunnum, svo að vatnið verði ósak- næmt, þá skal heilbrigðisnefnd skipa eiganda að moka ofan í brunnum, og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð.

IV. Um peningshús, hauga og forir.

11. gr.

Stórgripi eða saudfje má ekki hafa í íbúðarhúsum.

12. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús, eða gjöra for, haugstæði eða haughús, þá skal hann gjöra heilbrigðisnefnd aðvart, áður en hann byrjar verkið, og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrir mæli þau, er hjer fara áeptir:

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum; fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum. For má ekki gera, og ekki hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Forarveggir skulu jafnan ná $\frac{1}{4}$ alin eður meir uppúr jörðu og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svoað öruggt sje um, að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina.

Ef peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, valda miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirsmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þó eiganda að skjóta fyrirskipan nefndarinnar á 8 daga fresti undir úrskurð sýslumanns; sýslumaður skal leita álits hjeraðslæknis, og því næst kveða upp úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má.

V. Um salerni.

14. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsinu en nemi 5 álnum og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Gólfíð í salerninu skal vera steinsteypt og hærra en jarðvegurinn í kring; hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni. Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innan húss í sjerstökum klefa, ef útigluggi á hjörum er á klefanum, gólfíð steinsteypt og flátið undir setunni svo lagað, að saur og þvag sje algjörlega aðskilin.

Ef vatnsheld for er gerð hjá húsinu má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa salernið yfir forinni, þannig, að saurindin fari beina leið í forina. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til allra þeirra íbúðarhúsa, er nú standa á svæði því, er samþykktin gildir fyrir.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein, og saurlátin skal tæma áður en þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja til um, hvar láta megi saurindi úr salernum.

VI. Um sorp og önnur óhreinindi.

15. gr.

Sorphaugar eða sorpgryfjur skulu ekki veru nær íbúðarhúsum en nemi 5 álnum og ekki nær vatnsbólum en nemi 15 álnum. Flytja skal burtu allt sorpið, að minnsta kosti tvisvar á ári, vor og haust.

16. gr.

Það er skylda sjómanna, að fleygja öllu slori í sjóinn, svoað út taki, ef því er ekki safnað í gryfjur, á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir. Formenn eða skipstjórar bera ábyrgð á því, að þessu ákvæði sje hlýtt.

17. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kringum hús manna, svoað fýlulopt eða daunillt rennsli fer út á alfaraveg, eða inná eignir þeirra, er næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað húsráðanda þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja burtu óhreinindin tafarlaust.

VII. Um iðnað, sem óprifnaður fylgir.

80
7. júní

18. gr.

Hver sá iðnaður, er óhollusta fylgir, eða óprifnaður, t. d. lýsisbræðsla, sútun o. s. frv., skal vera háður eptirliti heilbrigðisnefndarinnar og fyrir mælum hennar, að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

VIII. Um matvörum.

19. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem svikin er eða skemmd eða skaðleg fyrir heilsu manna. Nefndinni skal vera frjálst með samþykki hreppsnefndar, að kaupa fyrir gangverð sýnis-horn af hverri matvöru þeirri, er hún telur líkur til að svikin sje eða skemmd, eða skaðleg fyrir heilsu og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeradslæknis eða annara manna, er vit hafa á, að einhver matvara er svikin eða skemmd, og ekki nýtileg til manneldis, og skal þá lóga vörunni eða á einhvern hátt gera hana óskaðlega heilsu manna á kostnað þess, er vöruna hafði á boðstólum. Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdaudum má ekki selja til manneldis nema hjeradslæknir eða dýralæknir leyfi.

IX. Um íbúðarhús.

20. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gerð, að unnt sje, að halda þeim hreinum, gluggar skulu vera á hjörum, að minnsta kosti einn í hverju herbergi, og trjególf í öllum íverustofum. Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda að ræstað sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint að nefndin álitur heilsu manna hættu búna.

21. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina. Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma, svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst á 8 daga fresti að skjóta skipan nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits hjeradslæknis og þvínæst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

22. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar. Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hjereptir má ekki hafa kjallara svo gerða að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

X. Um skóla.

23. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða allar kennslustofur að minnsta kosti tvisvar á ári í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá, sem tekur til kennslu 8 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætlar að kenna.

24. gr.

Hver kennslustofa handa börnum skal vera svo stór að 80 rúmfet komi á hvert barn í minnsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á degi hverjum en ekki sópa.

25. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður vör við að í skóla eru börn eða kennarar, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún þegar tilkynna hjeradslækni nöfn og heimili þeirra, sem sjúkir eru.

Ef skólabarn eða kennari hefir berklasótt og læknir álitur að um mikla sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað, að barnið eða kennariinn komi í skólann þar til er sóttnæmishættan, að dómi læknis, er um garð gengin. Hold sveik börn mega ekki ganga í skóla og holdsveikir menn ekki fást við barnakennslu.

XI. Um næma sjúkdóma.

26. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeradslækni við sóttvörnina. Ef upp kemur alvarlegur næmur sjúkdómur á því svæði, er samþykktin nær yfir eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við hjeradslækni, að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XII. Um sektir o. fl.

27. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt, eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipan, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar þ ð sekt allt að 200 kr.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðþbirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá hinum seka.

28. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. septbr. 1904.

Samþykkt þessi, sem orðin er til á þann hátt, sem mælt er fyrir um í 1. 80 gr. í lögum 13. septbr. 1901 um heilbrigðissamþykktir, er stafest af amtsráði 7. júní Norðuramtsins.

Amtsráð Norðuramtsins, Akureyri 7. júní. 1904.

Páll Briem.

Fjárgreiðslur úr landssjóði.

13. gr. A. b. 6.

Á synodus, sem haldinn var 28. júní 1904, var úthlutað fje því, sem veitt er fyrir s. á. í 13. gr. A. b. 6 fjárlaganna, auk 800 kr. af Prestaekknasjóðnum og 90 kr. 70 a. af árgjöldum brauða, eða samtals 4390 kr. 70 a., og var sú úthlutun samþykkt með brjefi stjórnarráðsins 5. júlí s. á., að því er landssjóðsstyrkinn snertir.

I. Uppgjafaprestar.

1. Gísli Kjartansson frá Mýrdalsþingum	kr. 100 00
2. Ingvar Nikulásson frá Gaulverjabæ	— 125 00
3. Jón Jónsson frá Stað á Reykjanesi	— 50 00
4. Jón St. Þorláksson frá Tjörn	— 80 00

II. Prestaekkjur:

1. Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum	— 130 00
2. Guðriður Magnúsdóttir frá Kolfreyjustað	— 85 00
3. Guðriður Jónsdóttir frá Ási	— 100 00
4. Guðrún H. Jónsdóttir frá Vallanesi	— 40 00
5. Helga Árnadóttir frá Skarðsþingum	— 35 00
6. Guðrún Þorsteinsdóttir frá Þingmúla	— 95 00
7. Kristín Thorlacius frá Saurbæ	— 60 00
8. Solveig Einarisdóttir frá Kirkjubæjarklaustri	— 110 00
9. Ragnheiður Jónsdóttir frá Vestmannaeyjum	— 40 00
10. Guðrún Þjetursdóttir frá Arnarbæli	— 30 00
11. Solveig Einarisdóttir frá Holti	— 80 00
12. Margrjet Magnúsdóttir frá Hvammi	— 50 00
13. Stefania Siggeirsdóttir frá Hraungerði	— 30 00
14. Margrjet Erlendsdóttir frá Stafafelli	— 20 00
15. Ragnhildur Gísladóttir frá Eyvindarhólum	— 50 00
16. Steinunn Eiríksdóttir frá Þingmúla	— 100 00
17. Helga Magnúsdóttir frá Glæsibæ	— 60 00
18. Metta Einarisdóttir frá Stafafelli	— 70 00
19. Ragnhildur Þorsteinsdóttir frá Höskuldsstöðum	— 45 00
20. Ragnheiður Pálsdóttir frá Staðarstað	— 30 00
21. Rannveig Gísladóttir frá Sauðlauksdal	— 80 00
22. Ástríður Petersen frá Svalbarði	— 80 00
23. Þorbjörg Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	— 90 00
24. Guðrún Þjórnisdóttir frá Sauðanesi	— 120 00